**4. fundur** 6. janúar 2017

1605022SA

Málalykill: 16.35

# Fundargerð samstarfsnefndar
# Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkstjórasambands Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkstjórasambands Íslands (VSSÍ), föstudaginn 6. janúar 2017 að Borgartúni 30, Reykjavík, og hófst fundurinn kl. 10:00.

Mætt voru: Skúli Sigurðsson, Jóhann Baldursson, Sólveig B. Gunnarsdóttir, Benedikt Valsson og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

1. **Félagsaðild vélstjóra hjá sveitarfélagi**
   Erindi frá Fjarðabyggð þar sem óskað er eftir að samstarfsnefnd fjalli um þá ósk starfsmanns, sem starfar sem vélstjóri á dráttarbát hjá sveitarfélaginu, að eiga aðild að Verkstjórafélagi Austurlands fremur en að VM, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna sem fyrirrennarar hans í starfi hafa átt aðild að.

   Um er að ræða starf við vélstjórn á dráttarbát auk annarra starfa á höfn og við viðhald. Í erindi sveitarfélagsins kemur fram að starfsmaðurinn hafi hvorki mannaforráð né fari með verkstjórn annarra starfsmanna.

   **Niðurstaða:**
   Fulltrúar SNS gera ekki athugasemdir við að félagsmaðurinn eigi aðild að Verkstjórasambandi Íslands.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:30.